

Verkefnisstjórn rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma

2. fundur, föstudaginn 19. október 2007, klukkan 9.30
í Þjóðmenningarhúsinu, Hverfisgötu 15.

Mætt: Svanfríður Jónasdóttir, formaður, Elín R. Líndal, Ellý Katrín Guðmundsdóttir, Eydís Aðalbjörnsdóttir, Freysteinn Sigurðsson, Stefán Arnórsson, Unnur Brá Konráðsdóttir, Þorkell Helgason, Þorsteinn Tómasson og Þóra Ellen Þórhallsdóttir.

Hjörleifur B. Kvaran og Kristín Huld Sigurðardóttir boðuðu forföll.

Starfsmenn verkefnisstjórnar: Hreinn Hrafnkelsson. Ingibjörg Halldórsdóttir boðaði forföll.

Gestur á fundinum: Árni Bragason, formaður ráðgjafahóps um landslag.

Inngangur

Formaður bauð fundarmenn velkomna og fór yfir dagskrá fundarins. Því næst dreifði formaður bréfi frá iðnaðarráðuneyti þar sem fram kom að iðnaðarráðherra hefði ákveðið, með hliðsjón af þeirri áherslu sem lögð væri á verndargildi og orkunýtingu háhitasvæða í stefnuyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar, að beina því til verkefnisstjórnarinnar að hún semdi, í samvinnu við sérfræðinga á þessu sviði, drög að reglum um framkvæmdir á háhitasvæðum. Í þeirri vinnu skyldi hafa það að markmiði að reglurnar tryggðu lágmörkun umhverfisáhrifa við framkvæmdir á háhitasvæðum. Jafnframt óskaði ráðherra eftir því að verkefnisstjórnin semdi drög að reglum er hefðu það að markmiði að tryggja sjálfbæra nýtingu jarðvarma. Í þessari vinnu skyldi m.a. taka tillit til viðeigandi alþjóðasamninga og yfirlýsinga sem Ísland ætti aðild að, m.a. Ríó-yfirlýsingarinnar og meginreglna umhverfisréttar.

Í bréfi iðnaðarráðuneytis kom einnig fram að ráðherra hefði vegna aukinnar áherslu á verndun menningar- og náttúruminja ákveðið að beina þeim tilmælum til verkefnisstjórnarinnar að hún tæki í starfi sínu einnig tillit til þeirra reglna sem gilda um þær menningar- og náttúruminjar sem falla undir heimsmínjaskrá Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna (UNESCO).

Formaður skýrði jafnframt frá því að iðnaðarráðherra hefði ákveðið að bjóða menntamálaráðherra að tilnefna fulltrúa í verkefnisstjórnina og að Kristín Huld Sigurðardóttir, forstöðumaður Fornleifaverndar ríkisins, hefði verið skipuð í verkefnisstjórnina sem fulltrúi menntamálaráðherra.

Loks dreifði formaður greinargerð frá Freysteini með nokkrum minnisatriðum vegna vinnu við 2. áfanga rammaáætlunar, en greinargerðin var unnin samkvæmt beiðni formanns á síðasta fundi verkefnisstjórnar. Freysteinn mun kynna greinargerðina síðar.

1. Háhitahópurinn.

Stefán Arnórsson gerði grein fyrir vinnu ráðgjafahóps um háhita sem skipaður var árið 2005. [Glærum frá kynningu Stefáns verður dreift á næsta fundi.]

2. Landslagshópurinn.

Þóra Ellen Þórhallsdóttir og Árni Bragason gerðu grein fyrir vinnu ráðgjafahóps um landslag sem skipaður var 2005. [Glærum frá kynningu Þóru Ellenar verður dreift á næsta fundi.]

3. Aðferðafræði við mat.

Vegna tímaskorts var ákveðið að fresta umfjöllun um aðferðafræði.

4. Framhald vinnunnar

a) Fundir með hagsmunaaðilum:

Formaður skýrði frá því að stjórn Samorku hefði óskað eftir fundi með verkefnisstjórninni, til að kynna sína sýn á verkefnið og á þá vinnu sem þegar hefði verið unnin vegna rammaáætlunar. Samþykkt var að fela formanni að undirbúa slíkan fund.

b) Kynningarmál:

Formaður sagðist telja að rammaáætlunin ætti að hafa sérstaka heimasíðu með tengingum inn á heimasíðu Landverndar, þar sem upplýsingar um 1. áfanga væru vistaðar og inn á heimasíðu Orkustofnunar þar sem upplýsingar vegna undirbúnings 2. áfanga væru, ásamt miklu magni af öðrum mikilvægum upplýsingum sem kæmu öllum að gagni sem vildu kynna sér málin. Á heimasíðu rammaáætlunarinnar mætti síðan bæta við nýjum gögnum. Formaður benti á að lénið www.rammaaaetlun.is væri frekar óþjálta í notkun og óskaði eftir að verkefnisstjórnin kæmi með hugmyndir að heppilegra léni fyrir heimasíðuna.

Formaður lagði fram til umræðu þá hugmynd að samið yrði við Landvernd um að sjá um fundi og kynningarmál vegna rammaáætlunarinnar. Af því var góð reynsla frá 1. áfanga rammaáætlunar og gagnlegt gæti verið að nýta þá og þekkingu og sambönd sem þar væru til staðar. Samþykkt var að fresta ákvarðanatöku um þetta mál þar til síðar, en fundarmenn lögðu áherslu á að ef samið yrði við Landvernd þyrfti að skilgreina vel hvaða verkefni samtökin ættu að vinna fyrir verkefnisstjórnina.

c) Annað:

Formaður lagði til að fjármál og utunumhald samninga vegna rammaáætlunar yrðu áfram hjá Orkustofnun, hjá Hákonni Aðalsteinssyni, sem væri með afar góða yfirsýn og reynslu af þessum málum. Ekki voru gerðar athugasemdir við það og samþykkt að bjóða Hákonni á næsta fund verkefnisstjórnar til að fara yfir fjármálastöðu rammaáætlunar og fyrirbyggjandi samninga.

5. Næsti fundur

Ákveðið var að næsti fundur verkefnisstjórnar yrði í Þjóðmenningarhúsi, föstudaginn 16. nóvember, kl. 9.30-11.30. Gestir á þeim fundi verða annars vegar Hákon Aðalsteinsson frá Orkustofnun, sem fara mun yfir fjármálastöðu rammaáætlunar og fyrirbyggjandi samninga og hins vegar fulltrúi frá Náttúrufræðistofnun, sem fara mun yfir stöðu þeirra verkefna sem stofnunin er að vinna að á grundvelli samnings við fyrri verkefnisstjórn rammaáætlunar.

Fundi slitið klukkan 12.05.